

Jafnréttisstefna Fylkis

Íþróttafélagið Fylkir leggur mikla áherslu á að allir eigi jafnan rétt til þátttöku í íþróttum hjá félaginu og eru fordómar af öllu tagi ólíðandi innan félagsins. Fordómar eru þegar einhver er áreittur, útilokaður, sniðgenginn eða mismunað vegna útlits, uppruna, kynþáttar, litarháttar, kynferðis, kyngervis, kynhneigðar, skoðana, trúar, fötlunar, efnahags eða annarra ástæðna.

Jafnréttisstefna Fylkis er unnin í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og einnig styðst félagið við Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar í öllu sínu starfi.

Framkvæmdarstjóri ber aðalábyrgð á framfylgd jafnréttisstefnu félagsins í samvinnu við Jafnréttisfulltrúa Fylkis. Jafnréttisstefna félagsins skal vera kynnt þjálfurum félagsins árlega og ber þeim að þekkja innihald hennar og vinna í samræmi við hana.

Íþróttafélagið Fylkir mun einnig í samræmi við 22. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að börn og ungmenni verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegrar áreitni hjá íþróttafélaginu. Starfsfólk skal þekkja einkenni kynferðislegrar áreitni og kynbundins ofbeldis og hvernig ber að bregðast við grun eða vissu um slíkt meðal barna eða ungmenna. Börnum og ungmenum skal ætíð vera ljóst hver réttur þeirra er og hvert þeir geta leitað innan og utan félagsins komi slíkt upp.

Iðkendum

Mikill fjöldi barna æfir íþróttir hjá Fylki. Það er stefna félagsins að bjóða upp á íþróttastarf sem hentar breiðum hópi barna og stuðlar að sterkri sjálfsmynd einstaklings og heilbrigðum lífsstíl. Hjá félaginu er lögð áhersla á að öll börn upplifi sig velkomin og að þau upplifi hvatningu og stuðning til að ná markmiðum sínum, hver sem þau eru. Agi, gleði og samvinna eiga að einkenna íþróttastarfið.

Tímar

Hjá Fylki er gætt að því að bæði kyn, á sama aldri fái úthlutað jafnmiklum tíma til æfinga. Gætt er að því að samræmi sé á tímasetningum, þ.e. að annað kynið fái ekki verri tíma dags en hitt. Æfingatímum á að vera úthlutað í samræmi við aldur iðkenda.

Ábyrgð

Framkvæmdastjóri/Íþróttafulltrúi ber ábyrgð á því að úttektin sé framkvæmd árlega.

Aðstaða

Bæði kyn skulu njóta sömu aðstöðu og aðbúnaðar við æfingar hjá félaginu. Aðstaða skal metin út frá aldri iðkenda og stærð flokka en ekki kyni.

Ábyrgð

Íþróttafulltrúi ber ábyrgð á því að úttektin sé framkvæmd árlega.

Fjármagn

Áhersla skal lögð á að samræmi sé í fjárveitingum innan Fylkis til íþróttagreina eftir kynjum. Málefnaleg rök skulu vera fyrir frávikum og skulu þau heyra til undantekninga.

Ábyrgð

Framkvæmdastjóri félagsins ber ábyrgð á samræmi í fjárveitingum.

Umfjöllun

Hjá Fylki skal gætt að því að bæði kyn fái jafna umfjöllun á vefsíðu félagsins og í því efni sem félagið sendir frá sér t.d. í útgáfu bæklinga/auglýsinga og í fréttum til fjölmiðla. Þetta skal bæði eiga við um texta og myndbirtingar. Ef hallar á annað kynið t.d. hvað varðar áhorf eða

iðkendafjöldi skal leitast eftir því innan félagsins að auka hlut þess kyns sem hallar á í kynningarefni og umfjöllun á vegum félagsins.

Ábyrgð

Jafnréttisfulltrúi framkvæmir úttektina einu sinni á ári en framkvæmdastjóri félagsins ber ábyrgð á að úttektin sé framkvæmd.

Verðlaun

Innan allra íþróttagreina Fylkis skulu verðlaun vera sambærileg til beggja kynja. Fylkir upplýsir kostunaraðlila og aðra samstarfsaðila um þá stefnu félagsins að jafnræðis skuli gætt milli kynja í verðlaunaafhendingum. Félagið mun ekki undir neinum kringumstæðum taka við og afhenda verðlaun sem gera upp á milli barna út frá kyni.

Ábyrgð

Íþróttafulltrúi og fulltrúi frá Barna- og unglingaráðum bera ábyrgð á að samræmi sé í verðlaunaafhendingum hjá félaginu.

Laun og/eða hlunnindi iðkenda

Félagið skal leggja áherslu á það að laun og/eða hlunnindi iðkenda séu metin í samráði við störf og framlag til félagsins en skuli ekki byggjast á kyni. Bæði kyn skulu fá sömu eða sambærileg hlunnindi fyrir sömu störf.

Ábyrgð

Framkvæmdastjóri félagsins ber ábyrgð á því að jafnræði sé gætt varðandi laun og hlunnindi til iðkenda.

Kynferðisleg áreitni

Hjá Fylki er kynferðisleg áreitni litin alvarlegum augum og tekið skal strax á þeim málum sem kunna að koma upp. Í 22. grein jafnréttislaganna segir: „*Lögin skilgreina kynferðislega áreitni sem kynferðislega hegðun sem er ósanngjörn og/eða móðgandi og í óþökk þess sem fyrir henni verður, hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess eða þeirra sem fyrir henni verða og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknað.*“

Framkvæmd

Aðalstjórn Fylkis skal bjóða þjálfurum og öðru starfsfólki félagsins upp á fræðslu um

kynferðislega áreitni og kynferðislegt ofbeldi annað hvert ár. Lögð skal áhersla í kjölfarið á að gefa skýr skilaboð til iðkenda um að kynferðisleg áreitni verður ekki liðin undir neinum kringumstæðum innan félagsins. Trúnaðarráð félagsins tekur á þeim málum sem upp kunna að koma og ef um kynferðislegt ofbeldi er að ræða skal hafa samband við Barnavernd og lögreglu.

Ábyrgð

Framkvæmdastjóri félagsins skal fylgjast með því að öllum málum sem upp kunna að koma verði vísað til Trúnaðarráðs og jafnréttisfulltrúa. Hann ber einnig ábyrgð á því að allt starfsfólk fái fræðslu.

Þjálfarar

Íþróttafélagið Fylkir leggur mikið upp úr því að hafa góða þjálfara sem hafa metnað og umhyggju fyrir iðkendum að leiðarljósi í starfi sínu. Markmið félagsins er að hafa vel menntaða þjálfara sem búa yfir reynslu og góðri hæfni til að vinna með iðkendum félagsins af báðum kynjum og á öllum aldri. Leitast skal eftir því að hafa sem jafnasta kynjaskiptingu þjálfara og aðstoðarþjálfara hjá félaginu.

Laun

Þjálfarar hjá Fylki, óháð kyni eiga að njóta sambærilegra launa fyrir sambærileg störf. Laun skulu metin út frá menntun og reynslu þjálfara sem og stærð flokka og fjölda æfinga.

Ábyrgð

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á því að launaúttekt fari fram einu sinni á ári.

Fræðsla, menntun, fyrirlestrar

Allir þjálfarar félagsins, óháð kyni eiga að hafa sömu tækifæri til að sækja sér aukna menntun og þekkingu og að stunda nám sem nýtist í starfi

Ábyrgð

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á því að jafnræði gæti í menntun og fræðslu til þjálfara félagsins

Annað

Stjórnir, ráð og nefndir

Hjá Fylki skal gætt að því við skipan í stjórn, ráð og nefndir sé hlutfall kynjanna sem jafnast. Hlutfall annars kyns skal ekki vera minna en 30%, þegar um fleiri fulltrúa en þrjá er að ræða.

Mæling

Jafnréttisfulltrúi skal fara yfir hlutfall kynja í stjórnnum, ráðum og nefndum innan félagsins og gera athugasemdir ef hallar verulega á annað kynið.

Ábyrgð

Jafnréttisfulltrúi í samvinnu við framkvæmdastjóra ber ábyrgð á því að úttektin sé framkvæmd árlega.

Aðgerðaráætlun 2020-2022

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Hvetja fleiri iðkendur af því kyni sem hallar á til að mæta á æfingar félagsins.	Fríar æfingar fram að áramótum fyrir það kyn sem hallar á.	Íþróttfulltrúi/þjálfarar	Haust/vetur
Gæta að því að sömu tækifæri og sama aðstaða sé fyrir bæði kynin innan félagsins.	Fara skal yfir æfingartíma, æfingaaðstöðu og hæfni þjálfara með það að markmiði að ekki sé gert upp á milli kynjanna.	Framkvæmdastjóri og formenn deilda	Vor
Gæta að því að bæði kyn fái sambærilega umfjöllun í auglýsingum félagsins og að verðlaun séu sambærileg	Jafnréttisfulltrúi gerir úttekt á birtingu kynjanna í auglýsingum og kynningarefni félagsins. Barna- og unglingaráð gæta þess að verðlaun séu í öllum tilvikum sambærileg milli kynja	Jafnréttisfulltrúi/ Barna- og unglingaráð	Allt árið

Gætt skal að jafnræði kynjanna þegar kemur að ráðningu starfsfólks/þjálfara félagsins	Gæta skal þess að allir sem sækja um starf hjá félaginu sé metnir út frá getu og reynslu en ekki kynferði. Ef tveir einstaklingar eru taldir jafnhæfir í starf skal ráða þann sem er af því kyni sem hallar á innan félagsins	Framkvæmdastjóri, Barna- og unglingaráð	Allt árið.
Fræða allt starfsfólk félagsins um kynbundna áreitni og kynferðislegt áreiti	Fræðsla fyrir alla þjálfara frá Birtu Björnsdóttur um áreitni og ofbeldi í íþróttum. -Fulltrúar félagsins sækja ráðstefnu um kynf. ofbeldi í íþróttum	Jafnréttisfulltrúi framkvæmdastjóri og formenn deilda	Vetur
Laun þjálfara skulu metin út frá hæfni, menntun og stærð flokka en ekki kyni	Gjaldkeri fer yfir laun og hlunnindi þjálfara	Gjaldkerar allra deilda	

Tilmæli félagsins

- Félagið beinir því til starfsmanna og þjálfara að uppfræða iðkendur um jafnan rétt allra og gerð er sú krafa að þjálfarar fylgist með og ræði við iðkendur um líðan þeirra.
- Þjálfari skal fylgjast vel með samskiptum iðkenda sín á milli og grípa strax inn í telji hann að um fordóma/einelti sé að ræða. Í því sambandi er vakin athygli á eineltisstefnu félagsins þar sem fram koma leiðbeinandi reglur vakni grunur um að slíkt eigi sér stað.
- Allir fordómar eru ólíðandi hjá félaginu og gerist starfsmaður, þjálfari, iðkendur eða foreldrar uppvisir að slíku skal málið tekið fyrir hjá jafnréttisráði félagsins þar sem tekið verður á málinu á viðeigandi hátt.
- Þjálfarar og iðkendur skulu sýna heiðarleika og virðingu gagnvart öllum sem koma að starfinu.
- Tekið verður hart á öllum agabrotum sem lýsa sér í niðrandi ummælum og óíþróttamannslegri hegðun innan vallar sem utan.
- Öll hegðun sem stríðir gegn þessari stefnu verður ekki liðin og getur leitt til brottvikningar úr félaginu og til þess að mál séu send til lögreglu.

Saman vinnum við að því að gera íþróttastarfið enn betra, þar sem rými er fyrir alla, án fordóma.